

155. löggjafarþing 2024–2025.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um opinberan stuðning við vísindi og nýsköpun.

Frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að á Íslandi verði byggt upp alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi rannsókna og nýsköpunar þar sem áhersla er lögð á gæði, árangur, skilvirkni og gagnsæi, samfélagsleg áhrif og alþjóðlegt samstarf.

Lög þessi gilda um hlutverk, uppbyggingu og starfsemi samkeppnissjóða, sbr. 2. gr., og Rannís – Þjónustumiðstöðvar þekkingarsamfélagsins eftir því sem nánar greinir í ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Samkeppnissjóðir.

Samkeppnissjóðir eru sérstakir sjóðir samkvæmt lögum þessum, sem heyra undir ráðherra. Samkeppnissjóðir auglýsa eftir umsóknum um verkefni og umsækjendum er gefinn kostur á að sækja um fjármagn fyrir verkefni í samkeppni við aðra umsækjendur. Úthlutun úr samkeppnissjóðum skal byggð á faglegu mati á umsóknum og í samræmi við áður birt matsviðmið.

Stjórnir samkeppnissjóða samkvæmt lögum þessum bera ábyrgð á því að viðeigandi gögnum sé safnað til að vinna mat á áhrifum styrkveitinga sjóðsins. Slíkt áhrifamat skal birt eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Kostnaður við áhrifamat skal greiddur af fjárveitingum hvers sjóðs.

Tekjur samkeppnissjóða samkvæmt lögum þessum eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni og önnur framlög. Kostnaður við rekstur samkeppnissjóða skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé þeirra.

Ákvarðanir stjórna um styrkveitingar eru endanlegar á stjórnarsýslustigi samkvæmt lögum þessum og sæta ekki kæru til æðra stjórnvalds.

3. gr.

Vísindasjóður.

Hlutverk Vísindasjóðs er að styðja við vísindarannsóknir, rannsóknatengt framhaldsnám og uppbyggingu rannsóknainnviða á Íslandi. Sjóðurinn veitir styrki til skilgreindra verkefna til eflingar samkeppnishæfni vísindastarfs á Íslandi og styður við nýliðun í íslensku vísindasamfélagi. Sjóðurinn styður einnig við fjármögnun vegvísis um rannsóknainnviði sem er stefnumótandi áætlun um uppbyggingu rannsóknainnviða.

Vísindasjóður veitir styrki á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna í samræmi við 2. gr. laga þessara og í samræmi við áherslur ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun.

4. gr.

Stjórn Vísindasjóðs.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn Vísindasjóðs til þriggja ára í senn. Einn skal vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, tveir tilnefndir af vísinda- og nýsköpunarráði og tveir án tilnefningar. Stjórnarmenn skulu hafa reynslu og þekkingu á vísindarannsóknum og einn stjórnarmaður skal sérstaklega búa yfir reynslu og þekkingu á rannsóknainnviðum. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Við tilnefningu skal leitast við að tryggja sem jafnastan hlut karla og kvenna í stjórn og þess skal gætt að sami aðili verði ekki tilnefndur oftari en tvö tímabil samfellt.

Stjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr Vísindasjóði að fengnum umsögnum fagráða sem skipuð eru skv. 5. gr. laga þessara. Stjórnin hefur heimild til að leita ráðgjafar umfram það sem fagrád sjóðsins getur veitt, ef þurfa þykir.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórn Vísindasjóðs, í samstarfi við ráðuneyti, gefur út vegvísi um rannsóknarinnviði til fjögurra ára í senn.

Stjórn er heimilt að veita viðurkenningar af ráðstöfunarfé Vísindasjóðs fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum.

5. gr.

Fagrád Vísindasjóðs.

Stjórn Vísindasjóðs skipar fagrád sjóðsins, eitt eða fleiri, til tveggja ára í senn. Fagráðin skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn við úthlutanir úr sjóðnum. Eitt fagrád skal vera ráðgefandi um forgangsröðun fjármagns til verkefna á vegvísi um rannsóknainnviði. Stjórnin skipar formenn fagráða sérstaklega.

Fagrád Vísindasjóðs skal vera skipað einstaklingum með víðtæka reynslu á ólíkum sviðum vísindastarfs. Skulu þeir hvorki sitja í Vísinda- og nýsköpunarráði né stjórn annarra samkeppnissjóða samkvæmt lögum þessum. Fagrád metur umsóknir út frá áður birtum matsviðmiðum, svo sem vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkefnið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi fyrir samfélagið.

6. gr.

Úthlutunarreglur Vísindasjóðs.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum, gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun með eigi skemmri fyrirvara en átta vikum fyrir lok umsóknarfrests og skulu reglurnar kynntar ráðherra. Í reglunum skulu koma fram skilyrði og matsviðmið umsókna, áherslur ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun ásamt forgangsröðun fyrir uppbyggingu rannsóknarinnviða.

7. gr.

Niðurstöður verkefna Vísindasjóðs.

Niðurstöður verkefna, þ.m.t. rannsóknagögn, sem kostaðar eru með styrkjum úr Vísindasjóði skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.

Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum og kynningum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðsins í viðkomandi verkefni.

Rannsóknarinnviðir sem styrktir eru af opinberu fé skulu vera opnir öllum að uppfylltum faglegum kröfum.

8. gr.

Vandaðir starfshættir í vísindum

Verkefni styrkt af Vísindasjóði og styrkþegar hans skulu í öllum tilvikum fara að lögum um vandaða starfshætti í vísindum.

9. gr.

Nýsköpunarsjóður.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að styðja við nýsköpun og innleiðingu nýrra lausna í íslensku þekkingarsamfélagi til lengri og skemmri tíma. Sjóðurinn styður við verkefni frumkvöðla og lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem fela í sér nýnæmi og eru líkleg til að skila ávinningi fyrir atvinnulíf og samfélag, þrátt fyrir áhættu í upphafi. Sjóðurinn styður einnig við nýsköpunarverkefni háskólanema.

Nýsköpunarsjóður veitir styrki á grundvelli faglegs mats á gæðum nýsköpunarverkefna og í samræmi við áherslur ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun.

10. gr.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs.

Ráðherra skipar fimm manna stjórn Nýsköpunarsjóðs til þriggja ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, einn samkvæmt tilnefningu Framvís – samtaka vísifjárfesta, einn samkvæmt tilnefningu Vísinda- og nýsköpunarráðs og tveir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Við tilnefningu skal leitast við að tryggja sem jafnastan hlut karla og kvenna í stjórn og þess skal gætt að sami aðili verði ekki tilnefndur oftari en tvö tímabil samfellt.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Stjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr Nýsköpunarsjóði að fengnum umsögnum fagráða sem skipuð eru skv. 11. gr. laga þessara. Stjórnin hefur heimild til að leita ráðgjafar umfram það sem fagrád sjóðsins getur veitt ef þurfa þykir.

11. gr.

Fagrád Nýsköpunarsjóðs.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs skipar fagrád sjóðsins, eitt eða fleiri, til tveggja ára í senn. Fagrád skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn við úthlutanir úr sjóðnum. Fagrád metur umsóknir út frá áður birtum matsviðmiðum svo sem nýnæmi og nýsköpunargildi, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkefnið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum ávinningi fyrir atvinnulíf og samfélag.

Fagrád Nýsköpunarsjóðs skal vera skipað einstaklingum með víðtæka reynslu af nýsköpunarstarfi. Skulu þeir hvorki sitja í Vísinda- og nýsköpunarráði né stjórn annarra samkeppnissjóða samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Úthlutunarreglur Nýsköpunarsjóðs.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum, gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun með eigi skemmri fyrirvara en átta vikum fyrir lok umsóknarfrests og skulu reglurnar kynntar ráðherra. Í reglunum skulu koma fram skilyrði og matsviðmið umsókna og áherslur ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun.

13. gr.

Áherslusjóður.

Hlutverk Áherslusjóðs er styrkja verkefni sem miða að lausn skilgreindra áskorana á sviði vísinda og nýsköpunar og unnin eru í samstarfi fyrirtækja, rannsóknastofnana, háskóla eða annarra þar til bærri aðila. Úthlutanir sjóðsins markast af stefnu stjórnvalda við lausn samfélagslegra áskorana og er fjármagni forgangsraðað í samræmi við þá stefnu. Ráðherra leggur til áherslur hvorrar úthlutunar í samráði við ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og skulu verkefnin falla að framtíðarsýn nefndarinnar.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að fjármagna stuðning vegna þátttöku íslenskra aðila í verkefnum sem hljóta samþykki úr alþjóðlegum samfjármögnunaráætlunum eftir því sem við á, í samræmi við áherslur og skuldbindingar stjórnvalda hverju sinni.

14. gr.

Stjórn Áherslusjóðs.

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn Áherslusjóðs til þriggja ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra og einn samkvæmt tilnefningu þess ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við tilnefningu skal leitast við að tryggja sem jafnastan hlut karla og kvenna í stjórn og þess skal gætt að sami aðili verði ekki tilnefndur oftari en eitt tímabil samfellt.

Stjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráðs sem skipað er skv. 15. gr. Stjórnin hefur heimild til að leita ráðgjafar umfram það sem fagrád sjóðsins getur veitt, ef þurfa þykir.

Stjórnin tekur einnig ákvörðun um framlag úr sjóðnum til verkefna sem hlotið hafa samþykki frá alþjóðlegum samfjármögnunaráætlunum sem Ísland er aðili að, að undangengnu faglegu mati slíkra áætlana og að þau falli að áherslum vísinda og nýsköpunarráðs.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

15. gr.

Fagrád Áherslusjóðs.

Stjórn Áherslusjóðs skipar fagrád fyrir hverja úthlutun á sviði þeirra áskorana og málefna sem tiltekin eru í auglýsingu eftir umsóknum. Fagrád metur umsóknir út frá gæðum, samstarfi, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkefnið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum ávinningi fyrir íslenskt samfélag.

Fagrád Áherslusjóðs skal vera skipað einstaklingum með víðtæka reynslu af viðeigandi málefnasviði.

Fagrád lýkur störfum eftir hverja úthlutun.

16. gr.

Úthlutunarreglur Áherslusjóðs.

Stjórn Áherslusjóðs auglýsir eftir umsóknum, gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun með eigi skemmri fyrirvara en átta vikum fyrir lok umsóknarfrest. Í reglunum skulu koma fram skilyrði og matsviðmið umsókna sem eiga við hverju sinni.

17. gr.

Reglugerð.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi og rekstur sjóðanna.

18. gr.

Hlutverk Rannís – Þjónustumiðstöðvar þekkingarsamfélagsins.

Rannís – Þjónustumiðstöð þekkingarsamfélagsins er ríkisstofnun sem heyrir undir ráðherra. Stofnunin starfar á grundvelli laga þessara og helstu hlutverk stofnunarinnar eru að:

1. Miðla upplýsingum um og veita faglega þjónustu við umsýslu opinberra samkeppnissjóða og réttindasjóða, þ.m.t. ofangreindra sjóða.
2. Veita þjónustu og miðla upplýsingum til hagaðila um tækifæri í alþjóðlegu samstarfi og áætlunum sem Ísland er aðili að, þ.m.t. samstarfsáætlanir Evrópusambandsins á sviði vísinda, nýsköpunar og menntunar, og Norrænar samstarfsáætlanir.
3. Annast gagnaöflun og greiningar í tengslum við þá sjóði sem stofnunin er með umsýslu fyrir.
4. Önnur verkefni skv. ákvörðun ráðherra. Stofnunin getur tekið að sér umsýslu sjóða sem heyra undir önnur ráðuneyti og önnur verkefni með samþykki ráðherra.

19. gr.

Forstöðumaður.

Ráðherra skipar forstöðumann Rannís - Þjónustumiðstöðvar þekkingarsamfélagsins, til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf og þekkingu á málefnasviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. Ráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.

20. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Rannís – Þjónustumiðstöð þekkingarsamfélagsins er heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem hún er nauðsynleg í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu, þ.m.t. vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar umsækjenda með sérstakar þarfir eða fötlun við undirbúning og veitingu styrkja.

21. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2025.

22. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 falla brott.
2. Lög um Tækniþróunarsjóð nr. 26/2021 falla brott.
3. Ákvæði 3. mgr. 9. gr laga um opinberan stuðning við nýsköpun nr. 25/2021, fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara skulu eignir og skuldbindingar Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs falla til Vísindasjóðs, eignir og skuldbindingar Tækniþróunarsjóðs til Nýsköpunarsjóðs og eignir og skuldbindingar Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar til Áherslusjóðs eins og þær standa við gildistöku laga þessara.

II.

Þeir sem þegið hafa styrk úr Rannsóknasjóði, Innviðasjóði, Tækniþróunarsjóði, Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar, Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Nýsköpunarsjóðnum Lóu fyrir gildistöku laga þessara halda óbreyttum réttindum og skyldum samkvæmt þeim styrkveitingum.

III.

Núverandi stjórnir Rannsóknasjóðs, Innviðasjóðs, Tækniþróunarsjóðs, Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar, Nýsköpunarsjóðs námsmanna og Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna skulu halda umboði sínu og starfa þar til ný stjórn samkeppnissjóða hefur verið skipuð skv. lögum þessum.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Samkeppnissjóðir eru öflugt verkfæri stjórnvalda til að styðja við tiltekin verkefni á grundvelli faglegrar samkeppni. Samkeppnissjóðir hafa á síðustu árum og áratugum gegnt mikilvægu hlutverki við uppbyggingu vísindastarfs í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum hér á landi og hið sama gildir um þá sjóði sem beinast að hagnýtingu þekkingar og nýsköpunar. Stuðningur úr íslenskum samkeppnissjóðum hefur opnað möguleika á þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og verið mikilvægur grunnur að sókn innlendra aðila, í stærri og umfangsmeiri samkeppnissjóði á erlendum vettvangi.

Samkeppnissjóðum má skipta í tvo megin flokka út frá skipulagi þeirra og áherslum. Annars vegar er um að ræða sjóði sem taka mið af ákveðinni stefnu eða áherslum á ákveðnum sviðum en eru „opnir“ að því leyti að nálgun umsækjenda er frjáls (e. bottom-up), viðfangsefni eða niðurstöður ekki afmarkaðar fyrir fram og styrkveitingar eru háðar faglegu mati á gæðum. Hins vegar eru sjóðir sem taka mið af stefnu og áherslum á ákveðnum sviðum þar sem kallað er eftir lausnum á ákveðnum áskorunum (e. top-down), og styrkveitingar eru háðar gæðum umsókna ásamt nálgun á viðfangsefnið og væntum lausnum.

Samkvæmt nýlegri greiningu eru yfir sjötíu opinberir samkeppnissjóðir starfræktir hér á landi og eru þeir mismunandi að stærð og umfangi, auk þess sem reglur þeirra og rekstrarform eru ólík. Meðal þessara sjóða má greina nokkra skörun í markmiðum og áherslum, jafnvel þótt þeir heyri undir mismunandi ráðuneyti eða málefnasvið. Þannig má í núverandi sjóðaumhverfi finna nokkurn fjölda sjóða sem styðja við rannsóknir og nýsköpun á mismunandi sviðum.

Með stofnun háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins féllu málefni vísinda, nýsköpunar og tækniþróunar undir sama ráðuneytið og með því skapaðist grundvöllur fyrir

markvissa stefnumótun og einföldun á sjóðaumhverfinu hér á landi. Frumvarp þetta er liður í því ferli og felur í sér endurskoðun opinbers stuðnings við vísindi og nýsköpun í gegnum samkeppnissjóði.

Í frumvarpinu er lagt til að fækka sjóðum sem falla undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra með það að markmiði að auka bolmagn í íslensku sjóðaumhverfi og sveigjanleika til að takast á við áskoranir hratt og örugglega. Þá miðar frumvarpið að því að átta sjóðir á málefnasviði ráðuneytisins verði sameinaðir í þrjá sjóði. Með einföldun sjóðaumhverfis og auknum sveigjanleika innan þess getur umsýslukostnaður sjóðanna lækkað, auk þess sem ferlar við umsýslu verða gagnsærri og rekjanlegri. Í frumvarpinu er jafnframt stefnt að því að lögfesta mælingar á árangri og áhrifum styrkveitinga viðkomandi sjóða á reglubundinn hátt og með skilgreindum mælikvörðum. Loks eru lagðar til breytingar á lagalegu hlutverki Rannsóknamiðstöðvar Íslands með það að markmiði að hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum, endurspegli betur núverandi verkefni stofnunarinnar, þ.m.t. nafn stofnunarinnar sem lagt er til að fái heitið Rannís – Þjónustumiðstöð þekkingarsamfélagsins.

Með frumvarpi þessu er lagður grunnur að því að fleiri sjóðir á sviði vísinda og nýsköpunar, ásamt sjóðum sem miða að lausnum á samfélagslegum áskorunum með aðferðum vísinda og nýsköpunar hér á landi, geti í framtíðinni sameinast þeim þremur sjóðum sem hér eru lagðir til. Slík samþætting gæti orðið mikilvægt skref í einföldun regluverks og skapað öflugra stuðningsumhverfi fyrir vísindi og nýsköpun hér á landi og eflt þannig samkeppnishæfni Íslands í alþjóðlegu samhengi.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

2.1. Almenn.

Meginmarkmið lagasetningar er fjórþætt: Í fyrsta lagi að einfalda núverandi sjóðaumhverfi vísinda og nýsköpunar, fækka sjóðum og minnka umsýslukostnað með því að færa sjóði undir sömu lög og samræma stjórnýslu eins og unnt er. Í öðru lagi að aðgreina sjóði til grunnrannsókna og grunnnýsköpunar með skýrari hætti frá þeim sjóði sem tekur áherslum stjórnvalda og miðar að því að leysa skilgreindar áskoranir. Í þriðja lagi að lögfesta árangurs- og áhrifamat á sjóðunum til að tryggja að þeir skili þeim árangri sem ætlað er og efli íslenskt þekkingarsamfélag og samkeppnishæfni. Í fjórða lagi að uppfæra lagalegt hlutverk Rannsóknamiðstöðvar Íslands í samræmi við núverandi verkefni stofnunarinnar.

Með sameiningu sjóða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á sviði vísinda og nýsköpunar fækkar sjóðum úr átta í þrjá og stjórnskipan og regluverk er samræmt að mestu leyti. Án þessara breytinga væri sjóðaumhverfið dreifðara en þörf er á og ómarkvissara, sjóðir væru smærri og sumir skapaðir utan um ákveðin áherslumál í stað þess að vera sveigjanlegir og geta tekist á við áskoranir fljótt og örugglega. Lagt er til að þeir átta sjóðir sem ráðuneytið hefur starfrækt; Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, Innviðasjóður, Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar, Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna, Nýsköpunarsjóður námsmanna, Lóa nýsköpunarstyrkir og Fléttan nýsköpunarstyrkir verði að Vísindasjóði, Nýsköpunarsjóði og Áherslusjóði. Sjóðirnir verði allir tengdir við áherslur og stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun en útfærsla er að öðru leyti sett í hendur stjórnna. Þannig er hlutverk allra aðila í stefnumótunarferlinu og framkvæmdaferlinu skýrt.

Mikilvægt er að til staðar séu öflugir rannsókn- og nýsköpunarsjóðir til að styðja við grasrótina t.d. með fjármögnun doktorsnema og sprotafyrirtækja. Með fyrirhuguðum breytingum má auka skilvirkni, gagnsæi og sveigjanleika í starfsemi sjóðanna, svo sem varðandi fjármögnun, tímalengd styrkja og stærð sjóðanna. Áhersla verður lögð á að

fjármagna bestu hugmyndirnar alla leið að sjálfstæði. Með því móti er stuðlað enn frekar að því að Ísland státi af alþjóðlega samkeppnishæfu umhverfi rannsókna og nýsköpunar, að góðar hugmyndir fái brautargengi, ásamt því að mikilvæg nýliðun eigi sér stað í þekkingarsamfélaginu.

Þar sem fjórir af átta sjóðum byggja tilvist sína og framkvæmd á löggjöf er nauðsynlegt að gera breytingar á umræddri löggjöf til þess að sameina viðkomandi sjóði. Einnig er mikilvægt að samræma löggjöf vegna sjóða, en hún er ekki samhljóða í dag varðandi stefnumótun, stjórnarskipan, umsýslu og fleira. Tækniþróunarsjóður stendur til að mynda einn í sérlægum og þykir tímabært að færa hann undir sömu lög og aðra samkeppnissjóði á málefnasviði vísinda og nýsköpunar. Þessum breytingum er ætlað að auka samfellu í opinberum stuðningi við vísindi og nýsköpun, allt frá fyrstu hugmyndum og tilraunum, fram til kynningar á nýrri þekkingu og nýjum lausnum.

2.2. Sögulegt samhengi og þróun samkeppnissjóða á sviði vísinda og nýsköpunar.

Nýju heildarfyrirkomulagi á sviði vísinda- og tæknimála hér á landi var komið á fót árið 2003 með setningu þriggja laga; þ.e. lög um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003, og lög um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins nr. 4/2003.

Í lögum um Vísinda- og tækniráð var kveðið á um nýtt fyrirkomulag um stefnumótun á sviði vísinda og tæknimála þar sem hagaðilar og ráðherrar unnu saman að stefnumótuninni. Með lögum nr. 3/2003 og 4/2003 voru samhliða settir á fót tveir burðarsjóðir til að styðja við grunnrannsóknir annars vegar og tækniþróun og nýsköpun hins vegar, Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Markhópar sjóðanna voru vel skilgreindir og náði Rannsóknasjóður yfir grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og markhópurinn var vísindasamfélagið, á meðan Tækniþróunarsjóður náði yfir tækniþróun og markaðsathuganir og markhópurinn voru sprotafyrirtæki. Rannsóknamiðstöð Íslands hefur farið með umsýslu umrædda sjóða frá stofnun þeirra. Á árinu 2024 voru fjárheimildir Rannsóknasjóðs rúmir 3 milljarðar króna og Tækniþróunarsjóðs rúmir 2,7 milljarðar króna.

Samkeppnissjóðir á sviði grunnvísinda annars vegar og nýsköpunar og tækniþróunar hins vegar, hafa því fallið undir mismunandi lög og mismunandi ráðuneyti að mestu leyti síðustu tvo áratugi. Helstu breytingar á umræddu fyrirkomulagi frá 2003 hafa verið þær að Rannsóknánámsjóður sameinaðist Rannsóknasjóði árið 2013 og Tækjasjóður varð að Innviðasjóði sama ár og fékk sjálfstæða stjórn árið 2019, en sjóðurinn hefur fallið undir lög nr. 3/2003. Árið 2013 var einnig lögfest, undir sömu lögum, umgjörð Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar, þ.m.t. stjórnarfyrirkomulag, en markáætlanir höfðu þó verið fjármagnaðar áður, án þess að eiga stoð í lögum. Fjárheimildir Innviðasjóðs á árinu 2024 voru tæpar 430 millj. kr og fjárheimildir Markáætlunar rúmar 300 millj kr. Líkt og fyrr segir var Tækniþróunarsjóður settur var á fót með lögum nr. 4/2003 ásamt Nýsköpunarmiðstöð. Lagalegt hlutverk hans hefur haldist óbreytt frá setningu laganna, en Nýsköpunarmiðstöð Íslands var lögð niður árið 2021, og síðan þá hefur sjóðurinn verið óbreyttur í sérlægum.

Aðrir sjóðir sem sameinaðir verða með frumvarpi þessu eru sérhæfðari og hafa mætt þörfum ákveðinna markhópa eða starfssviða. Þeir eru einnig mun minni í sniðum en þeir sem áður eru upptaldir. Nýsköpunarsjóður námsmanna var settur á fót árið 1996 en markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunnnámi og námi á meistarastigi við háskóla til sumarvinnu að rannsókna og þróunarverkefnum sem stuðla að nýsköpun og auknum tengslum atvinnulífs, stofnana og háskóla. Sjóðurinn hefur veitt fjölda námsmanna sín fyrstu tækifæri til að þróa eigin

nýsköpunarverkefni og árlega veitir forseti Íslands sérstök verðlaun fyrir eitt verkefni sem hlotið hefur styrk úr sjóðnum. Rannsóknamiðstöð Íslands sér um umsýslu sjóðsins í umboði stjórnar. Á árinu 2024 voru fjárheimildir sjóðsins tæpar 90 millj kr.

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna var stofnaður árið 2013. Meginhlutverk sjóðsins er að launa starfsemi þeirra fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigreini. Rannsóknamiðstöð Íslands sér um umsýslu sjóðsins í umboði stjórnar. Á árinu 2024 voru fjárheimildir sjóðsins tæpar 50 millj kr.

Tveir yngstu sjóðirnir eru annars vegar Fléttan – styrkir til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu og hins vegar Lóa- nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina, en báðir eru innan við fimm ára gamlir. Fléttan úthlutar styrkjum til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðistækni, -vörum og -þjónustu. Styrkirnir eru veittir á grundvelli 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Fléttu styrkjum hefur verið úthlutað frá árunum 2022, fyrsta árið var úthlutað 60 millj. kr., fyrir árið 2023 var úthlutað 104 millj kr. og fyrir árið 2024 var úthlutað 96 millj kr. Umsýsla styrkjanna hefur verið hjá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina voru settir á stofn með lögum um opinbera stuðning við nýsköpun, nr. 25/2021. Um er að ræða verkefnastyrki sem ætlaðir eru til eflingar nýsköpun á landsbyggðinni. Hlutverk styrkjanna er að styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, verðmætasköpun sem byggist á hugviti og þekking, á forsendum svæðanna. Lóu styrkjum hefur verið úthlutað frá árinu 2022. Fyrsta árið nam úthlutun 100 millj. kr., árið 2023 var úthlutunin 100 millj. kr. og árið 2024 nam hún 150 millj. kr. Umsýsla styrkjanna hefur verið hjá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.

Talsverðar breytingar hafa orðið á stuðningssumhverfi vísinda og nýsköpunar hér á landi á síðustu áratugum, í takti við öra tækniþróun, aukið alþjóðlegt samstarf og aukna vitund um mikilvægi vísinda og nýsköpunar. Nefna má sem dæmi að lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 tóku gildi í árbyrjun 2010 og hefur sá opinberi stuðningur aukist til muna á síðustu árum. Opinber stuðningur við fjárfestingarumhverfið hefur einnig aukist á síðustu árum, fyrst með tilkomu Kríu nýsköpunarsjóðs árið 2021 og síðan með sameiningu þess sjóðs við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, undir heitinu Nýsköpunarsjóðurinn Kría. Á sama tíma hefur þátttaka Íslands í alþjóðlegu rannsókn- og nýsköpunarsamstarfi aukist og tækifærum fjölgað til muna. Sú þátttaka hefur bætt við nýrri vídd í íslenskt sjóðaumhverfi og í mörgum tilvikum verið stökkpallur fyrir innlenda aðila á alþjóðavettvang. Í því samhengi má helst nefna Norrænar rannsókn- og nýsköpunaráætlanir ásamt rammaáætlunum ESB sem Ísland fékk aðgang að við gildistöku EES-samningsins.

Í takti við breyttar áherslur og þróun í hinu opinbera stuðningsumhverfi vísinda og nýsköpunar, voru sett ný lög um opinberan stuðning við nýsköpun nr. 25/2021 og ári síðar var nýtt Vísinda- og nýsköpunarráð sett á stofn með lögum nr. 137/2022. Með þessu frumvarpi er leitast við að uppfæra og skilgreina betur hlutverk samkeppnissjóða annars vegar og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands hins vegar, í stuðningsumhverfi vísinda- og nýsköpunar.

2.3. Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís.

Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís var sett á fót í núverandi mynd með lögum nr. 3/2003. Með þeim var Rannís falið að leysa af hólmi skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands til að veita þáverandi Vísinda- og tækniráði faglega aðstoð við undirbúning stefnumótunar í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Jafnframt átti miðstöðin að annast umsýslu sjóða og veita stjórnnum þeirra og fagráðum nauðsynlega þjónustu. Loks átti hún að miðla upplýsingum vegna þátttöku Íslands í rannsóknasamstarfi á Evrópska efnahagssvæðinu og Norðurlandasamstarfi.

Engar breytingar hafa verið gerðar á hlutverki Rannís frá setningu laga nr. 3/2003. Frá þeim tíma hafa aftur á móti umfangsmiklar breytingar átt sér stað á starfsemi stofnunarinnar og endurspeglar gildandi löggjöf ekki hin víðfeðmu og fjölbreyttu verkefni sem stofnunin sinnir í dag. Í árdaga stofnunarinnar annaðist Rannís eingöngu umsýslu fyrir fjóra innlenda sjóði en í janúar 2024 voru þeir orðnir 29 en auk þeirra sér Rannís um umsýslu með sjó samstarfsáætlunum Evrópusambandsins, sem Ísland tekur þátt í á grundvelli EES-samningsins. Af innlendu sjóðunum 29 eru meðtaldir skattafrádráttur vegna rannsókna og þróunarverkefna og frádráttur frá tekjum erlendra sérfræðinga sem eru réttindasjóðir en ekki samkeppnissjóðir. Þegar lög nr. 3/2003 voru sett var gert ráð fyrir að Rannís annaðist umsýslu fyrir sjóði sem heyrðu undir þáverandi menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra en í lögnum var jafnframt kveðið á um að stofnunin gæti tekið að sér umsýslu sjóða sem heyra undir aðra ráðherra. Þannig sér Rannís í dag um umsýslu fyrir sjóði sem heyra undir átta ráðherra. Munar þar mest um að starfsemi stofnunarinnar var víkkuð út þegar innlend mennta- og menningarverkefni og alþjóðaáætlanir voru færð til hennar á árunum 2013-2014. Þessu tengt má einnig nefna að sjóðir og alþjóðaáætlanir sem varða umhverfismál og stafræn málefni hafa fengið aukið vægi á undanförunum árum og munu halda áfram. Með auknum umsvifum hefur starfsmönnum samhliða fjölgað úr 17 árið 2004 yfir í 69 í janúar 2024.

Því er tilefni til að endurskilgreina hlutverk og verkefni Rannsóknamiðstöðvar Íslands þannig að skýrt sé að stofnunin annist umsýslu opinberra sjóða, sinni þjónustu við þekkingarsamfélagið, miðli upplýsingum um þau alþjóðlegu tækifæri og áætlanir sem Ísland hefur aðgang að, ásamt gagnaöflun og greiningu á áhrifum þess opinbera stuðnings sem stofnunin hefur umsýslu með. Rannís gegnir þannig mikilvægu þjónustuhlutverki bæði gagnvart innlendu og alþjóðlegu stuðningsumhverfi vísinda, nýsköpunar, auk menntunar, menningar og skapandi greina. Með tilkomu Vísinda- og nýsköpunarráðs skv. lögum nr. 137/2022, er jafnframt mikilvægt að skerpa á lögbundnu hlutverki Rannsóknamiðstöðvar Íslands varðandi umsýslu og undirbúning við framkvæmd stefnu um vísindi og nýsköpun sem hefur að mestu flust til ráðuneyta í samræmi við lögin.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu eru sett fram ný heildarlög um opinbera samkeppnissjóði á sviði vísinda og nýsköpunar ásamt því að hlutverk Rannsóknamiðstöðvar Íslands í stuðningsumhverfi þekkingarsamfélagsins er skilgreint. Í frumvarpinu er lagt til að þrjú sjóðir með skýr markmið og tilgang taki við hlutverki átta eldri sjóða. Lagt er til að tveir sjóðanna, Vísindasjóður og Nýsköpunarsjóður, verði opnir en sá þriðji, Áherslusjóður, verði háður áherslum. Samhliða eru lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, 3/2003, og lög um Tækniþróunarsjóð, 26/2021, felld brott sem og ákvæði í lögum um Lóu nýsköpunarstyrki. Reglugerðir um starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna og nýsköpunarsjóð námsmanna eru einnig felldar úr gildi.

3.1. Vísindasjóður

Lagt til að settur verði á stofn sérstakur Vísindasjóður. Sjóðnum er ætlað að styðja við grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Um er að ræða opinn sjóð sem felur í sér sameiningu Rannsóknarsjóðs, Innviðasjóðs og Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna. Einnig tekur sjóðurinn við fjármögnun hagnýtra rannsóknaverkefna sem hafa verið styrkt í gegnum Tækniþróunarsjóð undanfarið ár, en það er gert til að hvetja vísindafólk sem starfar við grunnrannsóknir enn frekar til að hagnýta rannsóknir sínar í þágu samfélags og atvinnulífs og brúa bilið á milli rannsókna hjá opinberum stofnunum yfir til þróunarstarfs og nýsköpunar á

vegum fyrirtækja. Til dæmis getur sjóðurinn veitt framhaldsstyrki til sönnunar á gildi hugmyndar (e. proof of concept) og ýtt þannig undir rannsóknamiðaða nýsköpun og langtímaþróun öflugra verkefna. Mælt er til að stjórn sjóðsins hafi stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun að leiðarljósi við útfærslu auglýsinga og sýni frumkvæði að breytingu áherslna eftir þörfum íslensks vísindasamfélags. Dæmi um slíkt væru breytingar á styrkflokkum á milli ára en einnig stærð styrkja, en þar gæti sjóðurinn til dæmis auglýst eitt árið eftir stórum verkefnum sem nýttu stóran hluta fjármagns sjóðsins og afgangi yrði úthlutað til nýliðunarverkefna doktorsnema og nýdoktora. Árið eftir gæti svo sjóðurinn auglýst eftir smærri verkefnastyrkjum að mestu. Með áherslubreytingum gæti sjóðurinn þannig aðlagð sig að þörfum þekkingarsamfélagsins hverju sinni. Mikilvægt er að slíkar áherslubreytingar séu auglýstar fyrir fram til að umsækjendur meti líkur sínar á raunhæfan hátt og væru því líklegri til að leita eftir samstarfi.

Ein veigamesta breytingin í þessu frumvarpi er sameining Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs. Innviðasjóður tók við hlutverki Tækjasjóðs árið 2013 og fékk sérstaka stjórn árið 2019. Nauðsyn þótti að sérstök stjórn mótaði stefnu varðandi uppbyggingu rannsóknainnviða til að bregðast við stefnu vísinda- og tækniráðs á þeim tíma. Stjórn sjóðsins setti á fót vegvísir um rannsóknainnviði sem er stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu rannsóknainnviða í alþjóðlega samhengi í fyrsta skipti árið 2021 og hefur stærstur hluti sjóðsins farið í að fjármagna innviði á vegvísinum síðan þá. Því er í frumvarpi þessu lagt til að vegvísir um rannsóknainnviði verði festur í lög og að stjórn Vísindasjóðs verði gert að móta vegvísir í opnu samráði við hagaðila til fjögurra ára í senn. Sérstakt fagråd muni svo forgangsraða fjármagni til að tryggja örugga og tímanlega uppbyggingu innviða. Einnig er lagt til að aðrar minni innviðafjárfestingar og tækjakaup fari fram í gegnum verkefnastyrki sjóðsins, og verði tengdar skilgreindum rannsóknaverkefnum. Mikilvægt þykir einnig að setja rannsóknainnviðaupbyggingu í alþjóðlegt samhengi og tryggja að íslenskt vísindafólk hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum innviðum í gegnum alþjóðlegt samstarf. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að samhliða gerð vegvísir um uppbyggingu innanlands fari fram regluleg þarfagreining á mögulegu alþjóðlegu samstarfi, t.d. í gegnum vegvísir ESFRI eða aukna þátttöku í ERIC samstarfi eða samstarfi á Norrænum vettvangi.

3.2. Nýsköpunarsjóður.

Lagt er til að settur verði á fót sérstakur Nýsköpunarsjóður sem ætlað er að styðja við nýsköpun á öllum sviðum og byggir á sameiningu Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs námsmanna þar sem áherslan yrði á hvers kyns nýsköpun og hagnýtingu þekkingar með því markmiði að styðja við verkefni sem hafa langtímaávinning fyrir íslenskt atvinnulíf. Stefnt er að því að sjóðurinn hafi breiðari skírskotun en Tækniþróunarsjóður hefur gert og höfði til stærri markhóps. Nýsköpunarsjóði verður falið að fjármagna nýsköpunarverkefni fyrirtækja og einstaklinga og leggja áherslu á verkefni sprotafyrirtækja sem eru á upphafsreit. Sjóðurinn skal bjóða upp á sveigjanlegri verkefni í tímalengd og fjármögnun en Tækniþróunarsjóður hefur gert til að mæta mismunandi þörfum fyrirtækja. Einnig mun sjóðurinn fjármagna nýsköpunarverkefni námsmanna og skapa þar vettvang fyrir minni verkefni sem þó geta skilað miklu til lengri tíma þar sem að námsmenn fá tækifæri til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd undir leiðsögn reyndari aðila.

3.3 Áherslusjóður.

Lagt er til að komið verði á laggirnar sérstökum Áherslusjóði sem miðar að því að leysa samfélagslegar áskoranir með aðferðum vísinda og nýsköpunar og í samstarfi fjölbreyttra

aðila. Sjóðurinn leysir þar af hólmi Markáætlun á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni, Lóu nýsköpunarstyrkja fyrir landsbyggðina og Fléttuna sem hefur stutt við nýsköpun í heilbrigðiskerfinu. Sjóðurinn verður samstarfsvettvangur stjórnvalda þvert á málefnasvið til að, með reglubundnum hætti, skapa nýja hagnýta þekkingu samfélaginu til góðs. Sjóðurinn skal horfa til stórra áskorana og auglýsa eftir lausnum fyrir íslenskt samfélag. Mikil áhersla er lögð á samstarf háskóla, rannsóknastofnana, fyrirtækja og fleiri aðila til að efla þekkingu og skapa nýjar lausnir. Sjóðurinn styður þannig við áhersluverkefni á sviði vísinda og nýsköpunar á óháð málefnasviðum.

Sjóðurinn mun einnig fjármagna þátttöku Íslands í alþjóðlegum samfjármögnunaráætlunum. Algennt er að alþjóðlegar samstarfsáætlanir t.d. undir formerkjum NordForsk og rannsókn- og nýsköpunaráætlun ESB bjóði upp á það fyrirkomulag að þáttökulönd skuldbindi fjármagn til þátttöku í auglýsingum eftir umsóknum og að undangengnu faglegu mati fjármagni svo styrki til þátttakenda innan sinna landa að fullu. Talsverð fjárhagsleg óvissa fylgir þátttöku í þessum áætlunum þar sem að óvíst er hvort að innlendir aðilar hljóti styrk, og þá hvenær sú ákvörðun liggur fyrir. Því er mikilvægt að fyrir hendi sé annars vegar fjármagn til að fjármagna verkefni sem hljóta styrk og hins vegar stjórnvald til að semja við styrkþega. Þessar áætlanir eiga vel heima í Áherslusjóði þar sem að þær eru undantekningalaust áherslumiðaðar og snúast um samfélagslegar áskoranir. Ekki er um að ræða móttframlög til alþjóðlegra styrkja sem ekki eru að fullu fjármagnaðir af styrkveitanda, t.d. Digital Europe áætlunin sem styrkir 50% af kostnaði verkefna og styrkþegar fjármagna afganginn sjálfir. Hér er um að ræða sérstakar áætlanir sem snúast um alþjóðlega skuldbindingu þáttökulanda til að styðja við verkefni innan sinna landa í alþjóðlegu samstarfi, þar sem stjórnvöld skuldbinda sig fyrir fram til þátttöku í áætluninni og styrkþegar hljóta fullan styrk fyrir kostnaði í flestum tilvikum.

3.4. Rannís – Þjónustumiðstöð þekkingarsamfélagsins.

Samhliða breytingum á samkeppnissjóðum verður hlutverki og nafni Rannsóknamiðstöðvar Íslands breytt þannig að þau endurspegli raunveruleg verkefni stofnunarinnar. Í núverandi lögum er hlutverk stofnunarinnar skilgreint út frá stefnu Vísinda- og tækniráðs og þeim sjóðum sem tóku stefnu þess. Rannís var því skilgreind þjónustumiðstöð vísinda- og tæknimála sem sinni umsýslu rannsóknasjóðs, tækniþróunarsjóðs og annarra sjóða sem féllu undir stefnu ráðsins ásamt öðrum verkefnum tengdum framkvæmd stefnu ráðsins, sem mótuð var til þriggja ára í senn.

Rannsóknamiðstöð Íslands sinnir umsýslu og þjónustu við fjölmarga sjóði á sviði rannsóknna, nýsköpunar, menntunar, æskulýðsmála og menningar ásamt því að sinna veigamiklu alþjóðastarfi tengt helstu samstarfsáætlunum sem Ísland tekur þátt í og öðrum tvíhliða verkefnum á innlendum og erlendum vettvangi. Rannís sinnir einnig fjölda verkefna fyrir stjórnvöld og starfar með flestum ráðuneytum á einhvern hátt, heldur utan um aðra samkeppnissjóði sem og réttindasjóði eins og endurgreiðslur til rannsókn- og þróunarfyrirtækja og endurgreiðslur tekjuskatts til erlendra sérfræðinga. Hlutverk Rannís er því ekki eingöngu á sviði rannsóknna og nýsköpunar og ekki eingöngu tengt stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun heldur tekur starfsemin mið af þeim opinberu stefnum sem eru í gildi hverju sinni og tengjast verkefnum stofnunarinnar. Þar má nefna stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun, menntastefnu, utanríkisstefnu, menningarstefnu og fleira.

Hlutverk stofnunarinnar er því skilgreint á breiðari grundvelli en áður sem þjónustu- og umsýslustofnun opinberra samkeppnis- og réttindasjóða. Það endurspeglar stærsta hlutverk

hennar í dag og eykur möguleika á að stofnunin sinni faglegri þjónustu við fleiri sjóði og alþjóðlegar áætlanir óháð málefnasviðum ásamt öflugri miðlun á tækifærum, á viðeigandi hátt. Stofnunin er því mikilvægur tengiliður á milli málefnasviða en einnig á milli stjórnvalda og almennings varðandi tækifæri. Tengt því hlutverki safnar stofnunin mikilvægum gögnum sem nýta má til greiningar og áhrifamats ásamt eftirfylgni með opinberum fjárveitingum. Stofnunin birtir þessi gögn á gagnatorgi sem er öllum opið en gögnin eru einnig mikilvæg þegar kemur að stefnumótun ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Hlutverk stofnunarinnar er því nú betur aðgreint frá hlutverki annarra aðila í stuðningsumhverfi rannsókna og nýsköpunar, en aðilar eins og Auðna Tæknitorg, Klak Innovit, Tæknisetur og fleiri sinna öðrum þáttum í vistkerfinu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið þykir ekki fela í sér álitæfni sem kalli á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá. Gert er ráð fyrir því að veittar úthlutanir á vegum þeirra sjóða sem sameinaðir verða í Vísindasjóð, Nýsköpunarsjóð og Áherslusjóð haldist og að ekki komi til neinna skerðinga á réttindum sem borgarar eða lögaðilar kunna að hafa, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Samræmi frumvarpsins við ríkisstyrktarreglur EES-samningsins hefur verið metið. Í gildi eru leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um hugtakið ríkisaðstoð eins og það er notað í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ríkisaðstoð er að meginreglu til óheimil en undanþágur eru til staðar á tilteknum sviðum, þar á meðal almenn hópundanþága. Starfsemi sjóðanna er talin falla undir ákvæði reglugerðar um almenna hópundanþágu (GBER), sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014, með síðari breytingum, þ.e. kafla 3 í reglugerðinni.

5. Samráð.

Frumvarp þetta snertir fyrst og fremst íslenskt þekkingarsamfélag, þ.e. háskóla, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki og einstaklinga sem sinna rannsóknum og nýsköpun. Jafnframt snertir það aðra hagsmunaaðila, stjórnir og fagráð sjóðanna, og Rannsóknamiðstöð Íslands. Þá er skörun við stjórnarmálefni flestra annarra ráðuneyta sem starfrækja samkeppnissjóði og/eða nýta Rannsóknamiðstöð Íslands fyrir tiltekna þjónustu við sjóðaumhverfið eða umsjón með alþjóðlegum áætlunum.

Haldin var vinnustofa með hagaðilum í desember 2023 til að ræða umhverfi samkeppnissjóða út frá lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir. Umhverfi innlendra samkeppnissjóða var einnig rætt á vinnustofu um þátttöku Íslands í rammaáætlun ESB um rannsóknir og nýsköpun í júní 2024. Að auki voru haldnar tvær vinnustofur með Rannsóknamiðstöð Íslands um sjóðaumhverfið annars vegar og stofnunina sjálfa hins vegar. Einnig var fundað með formönnum allra stjórnra sjóða í aðdraganda áforma um lagasetningu. Til viðbótar liggur til grundvallar frumvarpinu skýrsla og úttekt óháðs ráðgjafa á starfsemi Rannsóknamiðstöðvar Íslands og ítarleg greining á verkefnum stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

Þá voru áform um lagasetningu kynnt í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. mál nr. S-161/2024, og voru til umsagna frá 28. ágúst til 18. september 2024. Alls bárust umsagnir frá átta umsagnaraðilum. Helstu athugasemdir við áformin vörðuðu sameiningu Innviðasjóðs og Rannsóknasjóðs, en nánar er fjallað um sameiningu sjóðanna í greinargerð með þessu frumvarpi. Þar er meðal annars tekið á lögfestingu vegvísis um rannsóknainniði og stefnumótun á sviði innviðauppyggingar ásamt því að mælt er til að önnur innviða og

tækjauppbygging fari fram í gegnum fjármögnun stofnana eða í gegnum verkefna- og öndvegisstyrki sjóðsins.

Nokkuð var um athugasemdir um fyrirhugaðan Áherslusjóð, en hlutverk hans er nánar skýrt í frumvarpinu sem sjóðs sem miðar að lausn samfélagslegra áskorana. Einnig er hugtakið alþjóðleg samfjármögnun nánar útskýrt í greinargerð með frumvarpinu.

Ítrekað er að Vísindasjóður og Nýsköpunarsjóður eru opnir sjóðir, en sjóðir á ákveðnum sviðum sem tengjast stefnum á þeim sviðum falla undir önnur fagráðuneyti. Slíkir sjóðir gætu þó átt samlegð með Áherslusjóði ef málefnið er tengt vísindum og nýsköpun.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið mun leiða til hagræðis í rekstri samkeppnissjóða, þar sem um færri sjóði og stjórnir verður að ræða. Þó er ekki fyrir séð að bein fjárhagsáhrif verði fyrir ríkissjóð en þeim mun meiri áhrif verði fyrir notendur samkeppnissjóða með lægri umsýslukostnaði, skilvirkari stjórnarsýslu, meiri gagnsæi og sveigjanleika.

Ráðgert er að hæfilegur tími verði veittur til að undirbúa sameiningu sjóðanna og að kynna áherslur þeirra og breytingar fyrir umsækjendum. Verði frumvarpið samþykkt gætu löggin tekið gildi þann 1. september 2025.

Með auknum sveigjanleika nýs fyrirkomulags sjóðanna, breyttum áherslum og breyttu hlutverki Rannís má þess vænta að kynjahlutföll jafnist, en í núverandi sjóðafyrirkomulagi hefur hallað verulega á konur. Árangurshlutfall á milli kynja hefur þó verið nokkuð jafnt, og því er vonast til að með nýju fyrirkomulagi jafnist umsóknafjöldi á milli kynjanna.

Helstu mælikvarðar á árangur og útkomu breytinganna sem hér eru lagðar til tengjast styrkingu þekkingarsamfélags á Íslandi sem mæla má til dæmis með auknum útflutningstekjum hugvitsgreina, fjölgun sprotafyrirtækja, aukinni fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum, fleiri útskrifuðum doktorsnemum og öflugra rannsóknastarfi. Hægt væri að notast við ýmsa þekktu mælikvarða á nýsköpun, svo sem þá mælikvarða sem birtast undir málefnasviði 7.1. í Fjármálaáætlun 2025-2029 sem og Global Innovation Index, meðal annarra. Einnig mætti nýta mælikvarða evrópska rannsóknasvæðisins um rannsóknir og nýsköpun en þar eru lönd borin saman annað hvert ár út frá ákveðnum mælikvörðum. Jafnframt er í frumvarpinu gerð krafa um að hver sjóður láti vinna sérstakt áhrifamat af styrkveitingum sjóðsins.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin hefur að geyma markmiðsákvæði laganna. Með frumvarpinu er stefnt að því að skapa alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi fyrir rannsóknir og nýsköpun á Íslandi. Slíkt umhverfi hefur gæði að leiðarljósi og styður öflug rannsókn- og nýsköpunarverkefni á fjölbreyttum sviðum og stigum, stuðlar að nýliðun með þjálfun doktorsnema og frumkvöðla og byggir upp rannsóknainnviði á heims mælikvarða.

Í 2. mgr. er gildissvið laganna afmarkað. Tekið er fram að löggin fjalli um samkeppnissjóði og Rannís – þjónustumiðstöðvar þekkingasamfélagsins.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um eðli samkeppnissjóða á sviði vísinda og nýsköpunar. Í 1. mgr. er lögð til skilgreining á samkeppnissjóðum.

Í 2. mgr. er lagt til að framkvæmt verði áhrifamat á þeim samkeppnissjóðum sem falla undir frumvarpið á þriggja ára fresti. Skulu stjórnir sjóðanna sjá til þess að viðeigandi gögnum

sé safnað varðandi árangur og áhrif verkefna sem hlotið hafa styrk úr þeim. Viðeigandi gögn geta verið mismunandi á milli sjóða, en m.a. er átt við tölfraðileg gögn eins og kynjahlutföll umsækjenda og styrkþega, birtingar vísindagreina í opnum aðgangi og tilvitnanir í þær, opin gagnasöfn og notkun þeirra, árangur fyrirtækja sem hlotið hafa styrk úr Nýsköpunarsjóði, einkaleyfisumsóknir, skráð hugverk, fjöldi sprotafyrirtækja sem stofnuð hafa verið og virkni þeirra ásamt sköpuðum störfum í þekkingargreinum. Ekki er ætlast til að áhrifamat sé unnið á sambærilegan hátt á milli sjóða en þó er mælt til þess að ákveðnir grunnmælikvarðar, t.d. kynjahlutföll og sköpuð störf séu ætíð fyrir hendi til að efla samanburð. Lagt er til að áhrifamatið sé þematiskt og leggi áherslu á ákveðna þætti hverju sinni. Sem dæmi mætti nefna nýliðun í vísindum og nýsköpun, notkun opinna gagna, sókn á erlenda markaði, o.s.frv. En þó ætti áhrifamatið að birta tölfraðigögn um grunnþróun ákveðinna mælikvarða í hvert skipti. Hér ætti að líta til mælikvarða evrópska rannsókn- og nýsköpunarsvæðisins sem safnað er með reglubundnum hætti en þar er meðal annars litið til samstarfs nýsköpunarfyrirtækja og rannsóknastofnana og fleiri þátta.

Í 3. mgr. er lagt til að helstu tekjur samkeppnissjóðanna skulu vera framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sjóðunum er einnig heimilt að hljóta tekjur frá öðrum aðilum, t.d. í samstarfi við aðra sjóði eða lögaðila.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ákvarðanir stjórna samkeppnissjóða eru endanlegar á stjórnýslustigi og sæta ekki kærur til æðra stjórnvalds. Þeim verður því ekki áfrýjað til ráðherra. Um er ræða orðalag/verklag sem tekið var upp í lögum nr. 3/2003 og lagt til að verði viðhaldið áfram í þessu frumvarpi. Kvartanir til stjórnanna vegna málsmeðferðar við afgreiðslu einstakra umsókna gilda að venju almenn ákvæði laga.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk Vísindasjóðs. Vísindasjóði er ætlað að styðja við grunnrannsóknir, hagnýtar rannsóknir, rannsóknamiðað framhaldsnám og uppbyggingu rannsóknainnviða. Markmið sjóðsins er að styðja við nýliðun í íslensku þekkingarsamfélagi með stuðningi við doktorsnema og nýdoktora bæði í gegnum sérstaka styrki en einnig með þátttöku þeirra í stærrri verkefnum. Lagt er til að sjóðurinn fjármagni rannsóknainnviði, meðal annars í gegnum vegvísi um rannsóknainnviði sem skal gefinn út á fjögurra ára fresti og er stefnumótandi áætlun um innviðauppbyggingu og skal hafa forgang að fjármagni. Önnur innviðauppbygging skal vera tengd verkefnum sem styrkt eru af sjóðnum. Sjóðurinn skal vera opin fyrir öllum hugmyndum á öllum fagsviðum.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um Vísindasjóður veiti styrki samkvæmt áherslum ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun er föst nefnd sem starfar á grundvelli 4. mgr. 9. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Hlutverk nefndarinnar er að samræma stefnu stjórnvalda á sviði tækniþróunar, vísinda og nýsköpunar og skal hún birta framtíðarsýn til tíu ára og aðgerðaáætlun til tveggja ára í senn. Áherslur nefndarinnar koma fram í framtíðarsýninni en forgangsröðun í aðgerðaáætlun og skal sjóðurinn taka mið af báðu. Forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og mennta- og barnamálaráðherra eiga fast sæti í ráðherranefndinni en þar sem málefni vísinda og nýsköpunar snerta fleiri ráðuneyti sitja félags- og vinnumarkaðsráðherra, menningar- og viðskiptaráðherra, heilbrigðisráðherra, matvælaráðherra og umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra samkvæmt ákvörðun forsætisráðherra einnig í nefndinni. Ráðherranefndin nýtur ráðgjafar vísinda- og nýsköpunarráðs sem hefur það hlutverk skv. lögum nr. 137/2022. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að Vísindasjóður veiti styrki á grundvelli faglegs mats á gæðum

rannsóknaverkefna. Í slíku mati felst að fagráð á sviði umsókna skipað jafningjum meti gæði umsókna, nýnæmi rannsókna og vænt áhrif á hlutlægan hátt byggt á fyrir fram birtum matsviðmiðum.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um skipan stjórnar Vísindasjóðs og verkefni hennar. Í stjórninni sitja fimm einstaklingar. Einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigins til að tryggja aðkomu háskólasamfélagsins en háskólarnir eru helsti drifkraftur grunnrannsókna og nýliðunar, tveir tilnefndir af vísinda- og nýsköpunarráði til að tryggja aðkomu vísindasamfélagsins og tveir án tilnefningar. Sérstaklega er tilgreint að einn stjórnarmaður skuli búa yfir reynslu og þekkingu á rannsóknainnviðum, mælt er til að sá stjórnarmaður verði tilnefndur af vísinda- og nýsköpunarráði. Að því sögðu er mikilvægt að öll stjórnin sé skipuð reynslumiklum einstaklingum sem hafa þekkingu á vísindastarfi og í heild hafi stjórnin faglega breidd. Tilnefna ber varamenn með sama hætti.

Í 4. mgr. er lagt til stjórn sjóðsins í samstarfi við ráðuneyti gefi út vegvísir um rannsóknarinnviði. Rannsóknarinnviðir í þessu samhengi eru tæki, tækjaklasar, gagnagrunnar, hugbúnaður, aðgengi að erlendum innviðum, þátttaka í alþjóðlegum innviðum sem eru af þeirri stærðargráðu að uppbygging þeirra tekur langan tíma og þeir hafa mikið vísindalegt gildi fyrir íslenskt vísindaumhverfi. Vegvísir um rannsóknarinnviði er stefnumótandi áætlun til fjögurra ára í senn þar sem fjármagni er forgangsraðað til ákveðinnar uppbyggingar. Verkefni á vegvísir skulu unnin í samstarfi hagaðila og vera öllum opin, að uppfylltum faglegum kröfum. Þess er vænst að nýliðun í vísindasamfélaginu eigi sér einnig stað í gegnum innviði á vegvísir.

Í 5. mgr. er lagt til að stjórn Vísindasjóðs sé heimilt að veita viðurkenningar af ráðstöfunarfé sínu fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknum. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn veiti slíkar viðurkenningar árlega.

Um 5. gr.

Stjórn Vísindasjóðs er ætlað að skipa fagráð til þriggja ára. Fagráðum er ætlað að veita faglega ráðgjöf og meta umsóknir um styrki. Til að tryggja nýliðun innan fagráða er mikilvægt að endurnýja þau á þriggja ára fresti. Þess er vænst að fagráðin séu skipuð um helstu fagsvið vísinda, og þróist eftir þörfum og umfangi umsókna. Eitt fagráð skal þó hafa það hlutverk að forgangsraða fjármagni til verkefna sem eru á vegvísir um rannsóknarinnviði, en þau verkefni skulu sækja um fjárveitingu árlega.

Fagráðin skulu hafa vísindalega breidd og ekki skipuð einstaklingum sem sitja í vísinda- og nýsköpunarráði eða stjórnnum sjóða skv. frumvarpi þessu. Mælt er til þess að fagráðsfólk sinni rannsóknum sínum á erlendum vettvangi til að takmarka mögulega hagsmunaaárekstra. Fagráðin meta umsóknir út frá matsviðmiðum sem gefin eru út af stjórn sjóðsins með úthlutunarreglum hvers árs.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um úthlutunarreglur Vísindasjóðs. Lagt er til að stjórn sjóðsins opni fyrir umsóknir, gefi út reglur um umsóknir, meðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en átta vikum fyrir lok umsóknarfrest. Reglunum skulu fylgja matsviðmið sem fagráð og matsmenn hafa til hliðsjónar í mati sínu á umsóknum. Stjórn sjóðsins skal einnig leitast til að birta með reglunum hlutfallslega skiptingu fjármagns á milli styrkflokka, byggt á fjármálaáætlun, og/eða áætlaðan fjölda styrkja í hverjum flokki. Það stillir af væntingar og eykur líkur á samstarfi. Nýmæli í

greininni frá eldri lögum er að festa í lög að stjórn sjóðsins opni fyrir umsóknir með átta vikna fyrirvara í stað sex vikna eins og var áður. Þykir það nauðsynlegt til þess að tryggja hæfilegan fyrirvara fyrir umsækjendur til þess að undirbúa umsóknir og sækja um. Ber að kynna reglurnar fyrir ráðherra áður en þær eru birtar.

Um 7. gr.

Ákvæði er byggt á 10. gr. gildandi laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Þar er kveðið á um að niðurstöður rannsókna sem kostaðar eru úr sjóðum sem falla undir löggin skulu birt í opnum aðgangi og vera öllum aðgengilegt. Hér er lagt til að gengið verði lengra og auk niðurstaðna í formi vísindagreina þá skulu styrkþegar einnig birta rannsóknagögn í opnum aðgangi í samræmi við FAIR (e. Findable, Accessible, Interoperable, Re-usable) viðmið. Lagt er til að styrkþegar skili gagnastjórnunaráætlunum þar sem fram kemur hvernig verkefnið muni tryggja aðgang að gögnum og gögnin verði varðveitt í öruggri gagnageymslu.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að styrkþegar geti sjóðsins í öllum afurðum verkefnis, vísindagreinum, kynningum og gagnasettum. Þetta er mikilvægt til að hægt sé að framkvæma áreiðanlegt áhrifamat.

Í 3. mgr. er mælt til þess að þeir rannsóknainnviðir sem sjóðurinn styður við, og á það sérstaklega við um innviði á vegvísi, verði opnir öllum að uppfylltum faglegum kröfum, sem fela í sér tæknikunnáttu og þekkingu til að nýta innviðina. Opinn aðgangur að innviðum þarf þó ekki að vera endurgjaldslaus heldur er þess vænst að innviðir á vegvísi móti sér rekstrarform til framtíðar og verði fjárhagslega sjálfbærir að fjórum árum liðnum.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að verkefni styrkt af Vísindasjóði og styrkþegar hans skulu fara eftir lögum um vandaða starfshætti í vísindum, nr. 70/2019. Í því felst að þau sem sinna rannsóknum skulu sýna aðgát við störf sín og tryggja að þær fari fram í samræmi við fyrrgreind lög. Samkvæmt lögnum um vandaða starfshætti vísindum er áherslan á að meginábyrgð sé hjá vísindamönnum, stofnunum og fyrirtækjum að gæta að vönduðum rannsóknarháttum. Þar sem helsta hlutverk Vísindasjóðs samkvæmt frumvarpi þessu er að styrkja rannsóknaverkefni sem eiga að efla stöðu vísindastarfs hér á landi þykir mikilvægt að vísa til laganna. Hvað frekari málsmeðferð varðar vísast að öðru leyti til laga um vandað starfshætti í vísindum, nr. 70/2019.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um hlutverk Nýsköpunarsjóðs en lagt er til sjóðurinn styðji frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki við nýsköpunarverkefni á ýmsum stigum þróunar. Sjóðurinn leggur áherslu á nýnæmi hugmynda og væntum ávinningi fyrir atvinnulíf og þekkingariðnað. Sjóðurinn hefur svigrúm til að veita stuðning til skemmri eða lengri tíma til að tryggja að öflug verkefni fái nauðsynlegan stuðning þar til fjárfestar taka við. Sjóðurinn skal einnig styðja við nýsköpunarverkefni háskólanema og taka þar við hlutverki Nýsköpunarsjóðs námsmanna við stuðning hugmynda á allra fyrstu stigum. Sjóðurinn eflir þar með grasrótina og nýsköpunar- og frumkvöðlamenteun.

Um 10. gr.

Lagt er til að ráðherra skipi fimm einstaklinga í stjórn sjóðsins til þriggja ára eftir tilnefningum frá Samtökum iðnaðarins, samtökum vísisfjárfesta, vísinda- og nýsköpunarráði

og tvo án tilnefningar, þ.m.t. formann.. Tilnefna ber varamenn með sama hætti. Mikilvægt er að stjórnin sé skipuð reynslumiklum einstaklingum sem hafa þekkingu á nýsköpunarstarfi á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Einnig skal stjórnin hafa faglega breidd sem nær yfir allt róf nýsköpunar, frá grunnnýsköpun að markaðssetningu. Því er mikilvægt að stjórnin sé skipuð fulltrúum hugverkaiðnaðar og fjárfesta.

Um 11. gr.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs skipar fagråd til tveggja ára í senn. Fjöldi fagráða og einstaklinga er sveigjanlegur en ætti að endurspegla fjölda umsókna á hverju stigi, eftir markmiðum og flokkum sjóðsins hverju sinni. Fagráðin skulu hafa faglega breidd til að meta umsóknir eftir birtum matsviðmiðum.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um úthlutunarreglur Nýsköpunarsjóðs. Lagt er til að stjórn sjóðsins auglýsi eftir umsóknum, gefi út reglur um umsóknir, meðferð þeirra og úthlutun með eigi skemmri fyrirvara en átta vikum fyrir lok umsóknarfrests. Reglunum skulu fylgja matsviðmið sem fagråd og matsmenn hafa til hliðsjónar í mati sínu á umsóknum. Stjórn sjóðsins skal einnig leitast við að birta með reglunum hlutfallslega skiptingu fjármagns á milli styrkflokka og/eða átlaðan fjölda styrkja í hverjum flokki. Nýmæli í greininni frá eldri lögum um Tækniþróunarsjóð er að festa í lög að stjórn sjóðsins opni fyrir umsóknir átta vikum fyrir umsóknarfrest í stað sex vikna eins og var áður. Þykir það nauðsynlegt til þess að tryggja hæfilegan fyrirvara fyrir umsækjendur til þess að undirbúa umsóknir og sækja um. Reglurnar skulu kynntar fyrir ráðherra áður en þær eru birtar.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Áherslusjóðs en lagt er til sjóðurinn styrki verkefni til lausnar brýnna samfélagslegra áskorana með vísindalegum aðferðum sem miða að nýsköpun. Sjóðurinn verður samstarfsvettvangur ráðuneyta til að, með reglubundnum hætti skapa nýja hagnýta þekkingu samfélaginu til góðs. Verkefni styrkt af sjóðnum skulu miða að þróun nýrra lausna í samstarfi rannsóknastofnana og fyrirtækja og ýta undir öra framþróun á ákveðnum sviðum. Sjóðurinn hrindir í framkvæmd framtíðarsýn ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun ásamt því að miða að lausn aðkallandi vandamála. Ólíkt Vísindasjóði og Nýsköpunarsjóði er miðað við að verkefni sýni árangur og hafi áhrif innan 3-5 ára. Lagt er til að sjóðurinn styðji við stærri og færri verkefni í hverri úthlutun með því markmiði að ná fram sem mestum áhrifum. Miðað er við að sjóðurinn auglýsi reglulegar en Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar og sé kvikari og miði að sértækari lausnum á vel skilgreindum áskorunum, t.d. á sviði loftslagsbreytinga, öldrun þjóðar og náttúruvá.

Ráðherra leggur til áherslur í samstarfi við ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og miðað er við að fagråduneyti á málefnasviði áherslnanna komi að gerð auglýsingar. Mikilvægt er að verkefni miði að fjárhagslegu sjálfstæði eftir að styrktímabili lýkur.

Í 2. mgr. er skilgreint hvernig gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði farvegur fyrir fjármögnun íslenskrar þátttöku í alþjóðlegum samfjármögnunaráætlunum. Ísland tekur þátt í og mun taka þátt í alþjóðlegum samfjármögnunaráætlunum þar sem þátttökulönd skuldbinda fjármagn sem nýtist til að styrkja umsækjendur innan þeirra landa í alþjóðlegu samstarfi, ef að faglegt mat metur umsóknirnar af nægilegum gæðum. Í þessum áætlunum fer hið faglega mat fram á alþjóðavettvangi. Hvorki sjóðurinn né stjórn hans tekur ákvörðun um skuldbindingar Íslands til áætlananna heldur eru aðeins farvegur fyrir formlega samningagerð við styrkþega og

greiðslur til þeirra. Ákvörðun um skuldbindingu er tekin í fagráðuneyti á fyrri stigum. Ekki er um að ræða mótframlög til styrkja sem ekki eru að fullu fjármagnaðir heldur er einungis horft til þeirra áætlana þar sem þátttökulönd greiða að fullu hluta sinna styrkþega samkvæmt áður tekinni ákvörðun þar af lútandi.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um skipan stjórnar Áherslusjóðs. Ráðherra skipar formann stjórnar sjóðsins án tilnefningar, einn stjórnarmann skv. tilnefningu forsætisráðherra og einn skv. tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra. Varamenn skulu skipaðir sem sama hætti. Þessir ráðherrar sitja allir í ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og hafa þverfaglegt vægi innan nefndarinnar og ákveðið samhæfingarhlutverk innan stjórnarráðsins. Stjórnin mótar auglýsingu eftir umsóknum og tekur ákvarðanir um fjárveitingu úr sjóðnum að fengnu faglegu mati fagráðs.

Stjórnin gerir einnig samninga við íslenska styrkþega alþjóðlegra samfjármögnunaráætlana sem stjórnvöld hafa skuldbundið sig til þátttöku í, að undangengnu faglegu mati þar sem sambærilegar eða ríkari kröfur eru gerðar til verkefna en hjá Vísindasjóði eða Nýsköpunarsjóði. Stjórnin tekur ekki ákvörðun um fjárhagslega skuldbindingu stjórnvalda til þessara áætlana enda séu það stefnumótandi ákvarðanir teknar á fyrri stigum. Í ljósi aukinnar áherslu alþjóðlegra á samfjármögnun landa á alþjóðlegu samstarfi í vísindum og nýsköpun er mikilvægt að skapa formlegan farveg fyrir fjármögnun þessara verkefna og þar til bært stjórnvald sem veitir styrkina og semur við styrkþega.

Ekki er litið svo á að alþjóðleg samfjármögnun keppi við áherslur stjórnvalda um samfélagslegar áskoranir um fjármagn heldur sé ætíð búið að tryggja fjármögnun alþjóðlegra samfjármögnunaráætlana áður en skuldbinding er ákveðin.

Um 15. gr.

Stjórn sjóðsins skipar fagråd fyrir hverja úthlutun á sviði þeirra áskorana sem tiltekin eru í auglýsingu. Fagráðið skal hafa breiða þekkingu á málefnasviði auglýsingar. Stærð fagráðs er sveigjanlegt en mikilvægt er að fagráðsfólk þekki áherslumálið og hafi reynslu af vísindum og nýsköpunarmálum. Fagråd eru skipuð fyrir hverja úthlutun og ljúka störfum þegar hinu faglega mati er lokið. Fagráðsfólk skal ekki sitja í stjórn sjóðsins eða vera umsækjandi úr sjóðnum.

Um 16. gr.

Stjórn sjóðsins mótar auglýsingu og áherslur samkvæmt ákvörðun Ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Stjórnin auglýsir eftir umsóknum, gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð og úthlutun átta vikum fyrir umsóknarfrest. Reglurnar skulu lýsa markmiðum auglýsingar, styrkhæfum kostnaði, styrkhæfi umsækjenda, hagsmunaárekstrum og matsviðmiðum umsókna.

Um 17. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk Rannís – Þjónustumiðstöðvar þekkingarsamfélagsins. Lagt er til að hlutverk stofnunarinnar sé fjórþætt. Í 1. tölulið er kveðið á um Rannís eigi að miðla upplýsingum og veita faglega þjónustu við umsýslu opinberra samkeppnissjóða og

réttindasjóða , þ.m.t. þá sjóði sem settir eru á stofn með þessu frumvarpi. Kjarnahlutverk Rannís hefur frá stofnun verið að veita faglega þjónustu við umsýslu opinberra sjóða og lagt er til að svo verði áfram. Jafnframt er hlutverki Rannís vegna upplýsingamiðlunar á þeim sjóðum sem stofnunin veitir umsýslu fyrir undirstrikað. Ekki eru tilgreindir sérstakir sjóðir þar sem að þróun hefur verið í þá átt að fleiri sjóðir á fleiri málefnasviðum hafa verið í umsýslu stofnunarinnar.

Í 2. tölulið er lagt til að Rannís haldi áfram að veita þjónustu og miðla upplýsingum til hagaðila um tækifæri í alþjóðlegu samstarfi. Hagaðilar í þessu samhengi eru fyrst fremst hugsanlegir umsækjendur um styrki á grundvelli alþjóðasamstarfs. Sérstaklega eru tiltekin tækifæri í evrópskum áætlunum og norrænum en þar hafa hagsmunir Íslands verið ríkastir.

Í 3. tölulið er kveðið á um Rannís annist gagnaöflun og greiningar í tengslum við þá sjóði sem það er með umsýslu fyrir. Í fyrri lögum var orðalagi efnislega samhljóðandi ákvæðis á þá leið að afla ætti upplýsinga um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun en með aukinni umsýslu Rannís á hvers konar sjóðum, t.d. er varða menntun, menningu og listir auk umsýslu með réttindasjóðum þykir mikilvægt að umorða ákvæði á þá leið að það nái til allra sjóða sem Rannís þjónustar.

Í 4. tölulið er það lagt til að samþykki ráðherra þurfi að liggja fyrir þegar stofnunin tekur að sér verkefni fyrir önnur ráðuneyti. Gert ráð fyrir að stofnunin geti áfram tekið að sér umsýslu sjóða sem heyra undir önnur ráðuneyti og önnur verkefni gegn því að samþykki ráðherra liggja fyrir. Lagt er til að ráðuneytin myndu gera slíka þjónustusamninga við Rannís á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Gert er ráð fyrir að Rannís haldi áfram að sinna öllum þeim verkefnum sem stofnunin hefur tekið að sér fyrir samþykki frumvarps þessa.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skipan forstöðumanns Rannís og hlutverk hans. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður sé skipaður til fimm ára og að ráðherra setji honum erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar líkt og kveðið er á um í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Af stöðu forstöðumanns sem yfirmanns leiðir að honum ber að skipuleggja stofnunina, ráða starfsmenn og standa skil á fjárreiðum hennar og verkstjórn gagnvart fagráðherra, fjármálaráðherra, Ríkisendurskoðun og umboðsmanni Alþingis, eftir því sem við á. Um hlutverk og ábyrgð forstöðumanna eru bæði ákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og í lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015.

Um 20. gr.

Ákvæðið er samhljóða ákvæði 12. gr. a. gildandi laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, nr. 3/2003. Ákvæðið kom inn í lögin í gegnum lög um breytingu á ýmsum lögum vegna persónuverndar og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og var markmið breytingalaganna að skýra nánar heimildir stofnana til vinnslu persónuupplýsinga til samræmis við kröfu laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Það frumvarp var unnið á sínum tíma í nánu samstarfi við Persónuvernd sem gerði engar athugasemdir við orðalag ákvæðisins.

Um 21. gr.

Í greininni er lagt til að lögin taki gildi 1. september 2025. Ljóst er að við samþykkt frumvarpsins tekur við innleiðingarvinna og því nauðsynlegt að hæfilegur tími verði veittur

til að innleiða efni frumvarpsins. Í því felst m.a. að undirbúningur við sameiningu sjóðanna, skipan nefnda og fagráða, kynning á áherslum sjóðanna og helstu breytingar fyrir umsækjendur.

Um 22. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á öðrum lögum.

Um ákvæði til bráðabirgða